

# Fréttapistill frá forseta Íslands

9. ágúst 2020

Öll starfsemi á skrifstofu forseta Íslands er nú skert vegna brýnna varna gegn veirunni skæðu, tilmæla um tveggja metra mannhelgi og varkárni í öllum samskiptum. Erfiðar ákvarðanir þarf að taka í veiruvörnum fyrir samfélagið allt, nú sem fyrr. Frumskyldan felst í því að verja líf og heilsu íbúa landsins, einkum þeirra sem eru af einhverjum völdum veikir fyrir. Hver og einn getur þó ætíð lagt sitt af mörkum með því að virða fyrirmæli, tilmæli og leiðbeiningar og minnka þannig líkur á að smita aðra eða smitast. Við gerðum vel fyrr í ár en núna getum við

gert betur, sýnt sama aga og áður. (Reyndar er það umhugsunarefni að orðið „agalegur“ hefur ekki þá merkingu í íslensku máli sem ætla mætti í fljótu bragði, að gæta aga eða lúta honum í jákvæðum skilningi. Ef eitthvað er agalegt á íslensku hefur það neikvætt yfirbragð.) Reynum núna að sýna sjálfsagðan aga andspænis þeirri vá sem við stöndum öll frammi fyrir.

Nú er laust til umsóknar starf sérfræðings við embætti forseta Íslands. Upplýsingar um starfið má sjá á Starfatorgi undir þessum hlekk:

<https://www.stjornarradid.is/.../2020/07/29/Serfraedingur/>.

Fyrr í sumar sendi ég kveðju á rafræna viðburðinn Global Pride 2020 og fylgir hún þessum vikupistli. Í venjulegu árferði hefðu Hinsegin dagar verið haldnir með pompi og prakt í nýliðinni viku. Ekki var því við komið í þetta sinn en fólk hefur fagnað frelsi og fjölbreytni með ýmsum hætti. Þá hafa Þjóðkirkjan og Samtökin 78 tekið höndum saman með sögulegum og virðingarverðum hætti eins og sjá má hér:

<https://einsaga.samtokin78.is/>

Á miðvikudaginn var sendi ég Michel Aoun, forseta Líbanons, samúðarkveðjur vegna hinnar skelfilegu sprengingar í Beirút, höfuðborg landsins.

Ég óska öllum landsmönnum velfarnaðar og þakka enn þær heillaóskir sem berast eftir endurkjör og innsetningu í embætti.